

## REGLUGERÐ

**um (17.) breytingu á reglugerð nr. 653/2001 um hámark dýralyfjaleifa  
í sláturafurðum, eggjum og mjólk.**

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í XIII. kafla, II. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2009 frá 6. febrúar 2009 öðlast eftirfarandi EB-gerðir gildi hér á landi:

- A. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 203/2008 frá 4. mars 2008 um breytingu, að því er varðar gamítrómýsin, á III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu.
- B. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 542/2008 frá 16. júní 2008 um breytingu, að því er varðar sýflútrín og lektín úr rauðum nýrnabaunum (*Phaseolus vulgaris*), á I. og II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu.

2. gr.

Með innleiðingu á reglugerðum Evrópusambandsins breytast ákvæði reglugerðar nr. 653/2001 um hámark dýralyfjaleifa í sláturafurðum, eggjum og mjólk, þannig að:

- A. Eftirfarandi efni er bætt við í lið 1.2.2. í III. viðauka (skrá yfir lyfjafræðilega virk efni sem notuð eru í dýralyf og sem bráðabirgðahámarksildi leifa hafa verið ákveðin fyrir):

1. Sýkingarlyf
- 1.2. Sýklalyf
- 1.2.2. Makrólíðar

Lyfjafræðilega virk(t) efni	Leifamerki	Dýrategundir	Hámarksildi leifa MRL	Markvefir	Önnur ákvæði
Gamítrómýsin	Gamítrómýsin	Nautgripir	20 µg/kg	Fita	Bráðabirgðahámarksildi leifa falla úr gildi 1. júlí 2009.
			200 µg/kg	Lifur	EKKI ætlað dýrum sem gefa af sér mjólk til manneldis.
			100 µg/kg	Nýra	

- B. Í stað núverandi efnisákvæða fyrir „sýflútrín“ í lið 2.2.3. í I. viðauka (skrá yfir lyfjafræðilega virk efni sem hámarksildi leifa hafa verið ákveðin fyrir) komi eftirfarandi:

2.2.3. Pýretróið

Lyfjafræðilega virk(t) efni	Leifamerki	Dýrategundir	Hámarksildi leifa	Markvefir	Önnur ákvæði
Sýflútrín	Sýflútrín (summa hverfnanna)	Nautgripir, geitur	10 µg/kg	Vöðvi	
			50 µg/kg	Fita	
			10 µg/kg	Lifur	
			10 µg/kg	Nýra	
			20 µg/kg	Mjólk	Fara ber að öðrum ákvæðum tilskipunar 94/29/EB.

Nr. 677

16. júlí 2009

- C. Eftirfarandi efni er bætt við 6. lið II. viðauka (skrá yfir efni sem eru ekki háð hámarksgildum leifa):

6. Efni úr jurtaríkinu

Lyfjafræðilega virk(t) efni	Dýrategundir	Önnur ákvæði
Lektín úr rauðum nýrnabaunum ( <i>Phaseolus vulgaris</i> )	Svín	Einungis til inngjafar um munn.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum og lögum nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, ásamt síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 16. júlí 2009.*

F. h. r.

**Sigurgeir Þorgeirsson.**

*Baldur P. Erlingsson.*

---

B-deild – Útgáfud.: 31. júlí 2009